

# GJALDSKRÁ

## vatnsveitu Grindavíkurbæjar.

### 1. gr.

#### Vatnsgjald

Vatnsgjald skv. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 er eftirfarandi:

- Vegna eigna skv. a-lið, 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,045 % af fasteignamati.
- Vegna eigna skv. b-lið, 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,250% af fasteignamati.
- Vegna eigna skv. c-lið, 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,200% af fasteignamati.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatta sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds fer samkvæmt lögum nr. 32/2004.

### 2. gr.

#### Mælaleiga

Mælaleiga skv. 7. gr. laga nr. 32/2004 og 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005 er háð stærð og gerð mælis sem hér segir:

Nafnmál/“	Kennitákn	Mælaleiga kr. pr. ár	Mælaleiga kr. pr.dag
<25/ 1“	25	9.952	27
30/ 1¼“	30	10.553	28
40/ 1½“	40	12.999	36
50/ 2“	50	17.238	47
65/ 2½“	65	26.147	72
80/ 3“	80	37.667	103
100/ 4“	100	48.132	131
150/ 6“	150	55.496	152

Ábyrgð á greiðslu mælaleigu og notkunargjalds fer skv. 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005.  
Notkunargjald og mælaleiga er innheimt eftir á og að öllu jöfnu ársfjórðungslega.

### 3. gr.

#### Heimæðar

Gjöld fyrir heimæðar miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Vatnsveitu Grindavíkur við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (inntaksrými). Enn fremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af Vatnsveitu Grindavíkur.

Þvermál heimæðar. Plast	Verð lengd heimæðar 0-35 metrar.	Verð á metra umfram 35 metra.
<32	274.460 kr.	2.745 kr.
40	355.133 kr.	3.551 kr.
50	459.734 kr.	4.598 kr.
63	662.984 kr.	6.630 kr.
75	885.834 kr.	8.859 kr.
90	1.289.217 kr.	12.893 kr.
110	1.439.270 kr.	14.393 kr.
160	1.685.717	16.857 kr.

Stærð heimæðar er ákvörðuð af vatnsveitu Grindavíkur í samræmi við ósk kaupenda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem lengd heimæðar er styttri en 35 metrar gildir ofangreind verðskrá. Fyrir hvern metra umfram 35 metra er heimilt að innheimta 1% af heimæðargjöldum viðkomandi málstærðar. Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkti greiðir hann heimæðargjöld að nýju.

Gjald vegna tengingar og aftengingar á byggingarvatni er 40.740 kr.

#### 4. gr.

##### Graftrargjöld

Gjald vegna ídráttarröra, fleyginga og sprenginga.

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist vegna skurðgraftar, 16.103 kr. kr./lengdarmetra.

Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða frost í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft, sbr. 1. mgr., sem innheimtist eftir á.

Klaki/klöpp:	dýpt sm:	kr./lengdarmetra
klaki/klöpp	< 30	5.142 kr./m
klaki/klöpp	> 30	10.375 kr./m

#### 5.gr.

##### Aukavatnsgjald

Aukavatnsgjald 18 kr./m<sup>3</sup> skulu fyrirtæki og aðrir greiða, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa.

#### 6. gr.

##### Vísitölubinding

Önnur gjöld í gjaldskrá þessari en þau er koma fram í 1. gr. miðast við byggingarvísitölu (grunnur 2021) í nóvembermánuði 2022 (110,2 stig) og breytast 1. dag hvers mánaðar til samræmis við breytingar á vísitölunni.

7. gr.


**Gildistaka gjaldskrár**

Gjaldskrá þessi var samþykkt í Bæjarstjórn Grindavíkur 13. desember 2022 og öðlast þegar gildi.  
Gjaldskráin er sett með vísan í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 468/2019.

*Grindavíkurbær, 19. desember 2022*

F.h. Bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar



Fannar Jónasson

Fannar Jónasson bæjarstjóri